

Útdráttur

Rán á Íslandi 1999 til 2004 Úttekt á gögnum lögreglu

Auðbjörg Björnsdóttir MA nemi í Félagsfræði við Háskóla Íslands


Haustið 2004 fékk embætti ríkislögreglustjóra Auðbjörgu Björnsdóttur til að gera úttekt á ránum sem tilkynnt voru til lögreglu á Íslandi á árunum 1999 til 2004. Hér er yfirlit yfir helstu niðurstöður. Fjallað er um eðli rána, hverjir fremja þau, fjöldi handtekinna/kærðra, ástand og tegund ræningja, framkvæmd ráns og fórnarlömb rána. Einnig er sér úttekt á ránum sem framin voru í Reykjavík á tímabilinu 1999 til 2004 og þau borin saman við tímabilið 1987 til 1994.

Úttekt á ránum á Íslandi er hluti af MA verkefni í félagsfræði við Háskóla Íslands sem ber heitið *Rán*. Áætlað er að MA verkefnið komi út í október 2005. Markmið verkefnisins er að skoða einkenni rána og ræningja á Íslandi.

Úttektin byggir á upplýsingum lögreglu um tilkynnt rán á tímabilinu 1999 til 2004. Í heildina var um 227 mál að ræða en þegar búið var að telja frá rán sem áttu sér erlendis eða töldust ekki vera rán var um 217 rán að ræða. Úr skýrslunum voru dregnar fram upplýsingar um 24 þætti sem þóttu skipta máli í sambandi við ránin, eins og t.d. vopnategund eða fjöldi ræningja.

Fjöldi tilkynntra rána á Íslandi hefur haldist frekar stöðugur frá 1999 til 2004

Tíðni rána á Íslandi seinustu sex ár hefur haldist frekar stöðug en að meðaltali voru framin 36 rán á ári. Flest rán voru framin árið 1999 (41) en fæst árið 2002 (32).



Mynd 1. Fjöldi rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.


Eðli rána á tímabilinu hefur breyst

Tafla 1. Eðli rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004 (fjöldi rána).

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Fjöldi
Bankarán	0	0	0	0	7	4	11
Verslanir	5	6	10	7	9	9	46
Sjoppur	11	3	10	5	5	8	42
Opin svæði	14	15	10	14	11	5	69
Heimahús	0	4	1	1	0	4	10
Stutt kynni	4	2	7	3	4	3	23
Pítsusendlar	7	4	2	2	0	1	16
	41	34	40	32	36	34	217

Þegar eðli rána er skoðað (tafla 1) sést að flest rán voru framin á opnum svæðum. Þar á eftir koma verslanir og svo sjoppur. Rán um á opnum svæðum fækkaði þó um rúmlega helming frá 2003 til 2004. Rán í heimahúsum voru ekki framin á hverju ári en flest voru þau fjögur á ári, árin 2000 og 2004. Rán eftir stutt kynni voru framin á hverju ári en flest voru þau árið 2001. Bankarán komu ekki við sögu fyrir en árið 2003 en þá voru þau flest, eða sjö. Þau komu svo aftur fyrir árið eftir en þá voru þau fjögur. Pítsusendlarán voru flest árið 1999 þegar þau voru sjö en þau komu ekki við sögu á hverju ári. Þegar eðli rána er skoðað nánar sést að bankarán hafa komið til sögunnar á seinustu tveimur árum og að dregið hefur úr pítsusendlaránum og rán um á opnum svæðum á sama tíma.

Hverjir fremja rán?




Mynd 2. Meðalaldur handtekinna sem höfðu réttarstöðu grunaðra um rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Alls stóðu um 388 einstaklingar að þessum 217 rán um sem framin voru. Konur voru átta af þessum aðilum eða rétt um 2% þeirra.

Meðalaldur þeirra sem handteknir voru og höfðu réttarstöðu grunaðra um rán var 23,3 ár. Flestir þeirra voru undir 20 ára, eða 69% að meðaltali allra ræningja á tímabilinu.


Ástand ræningja



Mynd 3. Ástand ræningja við rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Meirihluti þeirra ræningja sem gáfu upp ástand sitt sögðust vera undir áhrifum vímuefna (áfengis eða annarra vímuefna) þegar þeir frömdu rán á árunum 1999 til 2004, eða 64,6%. Í 23,8% mála var ástand ræningja óljóst við handtöku. Þeir sem voru allsgáðir voru mjög fáir, eða um 11,5% að meðaltali á öllu tímabilinu.


Ástæða fyrir ránum, samkvæmt því sem ræningjarnir sjálfir sögðu



Mynd 4. Ástæða fyrir ráni (hlutfall rána) samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.

Helsta ástæðan fyrir ráni var sú að ræninginn var drukkin eða undir áhrifum fíkniefna en það var ástæðan sem gefin var upp í um 32% tilvika á öllu tímabilinu. Á seinustu tveimur árum hefur aukist að fíkniefnaskuld sé nefnd sem ástæða en hún var nefnd í um 36,6% tilvika á tímabilinu 2003 til 2004. Fjárþörf var helsta ástæðan fyrir því að menn ákváðu að fremja rán.

Hótanir, ofbeldi og vopn í ránum




Mynd 5. Rán þar sem fórnarlömbum var hótað, ofbeldi var beitt og vopn voru með í för samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

72% rána voru framin án þess að ræningjar notuðust við hótanir. Ræningjum sem hótuðu fórnarlömbum sínum fjölgaði smávegis á árunum 2002 og 2003.

Í 51% ránstílvika á tímabilinu 1999 til 2004 var ofbeldi beitt (hér er ekki átt við ofbeldisbeitingu með vopni). Á mynd 5 sést að ofbeldi var beitt oftari árið 2000 en hin árin. Frá árinu 2003 dró úr ofbeldi frá árinu áður.

Almennt virðast ræningjar nota vopn til að ná stjórn á aðstæðum án þess þó að notast við hótanir. Vopn voru meðferðis í 56% mála af þeim 217 ránsmálum sem komu fyrir á tímabilinum, frá árinu 2002 hefur vopnanotkun á Íslandi aukist.

Fórnarlömb rána




Mynd 6. Aldur fórnarlamba rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Fjölmennasti hópur fórnarlamba á seinustu árunum var fólk yngri en 20 ára. Sá hópur var um 31% fórnarlamba. Það á þó ekki við um árið 2004 en þá var fjölmennasti hópurinn fólk á aldrinum 21 til 30 ára, eða um 34%. Helstu breytingar á aldri fórnarlamba var að hlutfall fólks á aldrinum 21 til 30 ára jókst mikið á seinasta ári. Á sama tíma dró úr hlutfalli fórnarlamba á aldrinum 20 ára og yngri og fólks á aldrinum 31 til 50 ára. Meðalaldur fórnarlamba var 33,7 ár fyrir allt tímabilið.

Rán í Reykjavík

Á tímabilinu 1987 til 1994 í Reykjavík voru 137 rán tilkynnt til lögreglu en á tímabilinu 1999 til 2004 voru þau 168. Það gera að meðaltali 17,1 rán á ári á fyrra tímabilinu en 28 rán á seinna tímabilinu. Á þessu sést að ránum fjölgaði nokkuð frá fyrra tímabilinu til hins seinna. Ef árin 1994 og 2004 eru borin saman sést að ekki er mikill munur á fjölda rána á þessum árum, aðeins tveimur ránum fleira árið 2004 en árið 1994.



Mynd 7. Fjöldi rána í Reykjavík samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004.

Í Reykjavík hefur orðið breyting á fjölda rána eftir árstíma. Flest rán voru framin í ágúst á árunum 1987 til 1994 en um hávetur á árunum 1999 til 2004. Á fyrra tímabilinu var vopnum beitt, ógnað með þeim eða hótað í 13% ránstílvika en á seinna tímabilinu var það gert í 43% ránstílvika. Greinilegt er að mjög jókst að vopnum væri beitt eða ógnað með þeim frá fyrra tímabilinu til hins síðara.